
Eldisstöð Húsafelli

Borgarbyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 17. maí 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Veiðifélagi Ytri-Rangár um fyrirhugaða stækkun og endurnýjun starfsleyfis á landeldisstöð félagsins í Húsafelli, Borgarbyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Borgarbyggðar, Fiskistofu, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning vegna umsóknar Veiðifélags Ytri-Rangár um rekstrarleyfi landeldis þar sem sótt er um leyfi fyrir 40 tonna lífmassa á ári.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Umhverfisstofnun dags. 10. júní 2021.
- Matvælastofnun dags. 18. maí 2021.
- Fiskistofu dags. 11. júní 2021.
- Borgarbyggð dags. 11. júní 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 8. september 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Veiðifélagið Ytri-Rangá starfrækir landeldisstöð félagsins í Húsafelli, Borgarbyggð. Stöðin er notuð til að framleiða gönguseiði fyrir laxveiðiár úr náttúrulegum laxastofni. Starfsemi stöðvarinnar er fólgin í því að klakfiskur er sóttur í laxveiðiár félagsins og þaðan fluttur að eldisstöðinni að Húsafelli. Klakfiskurinn er kreistur, hrogn frjóvguð og alin í seiði að göngustærð í eldiskerjum stöðvarinnar. Seiði eru flutt úr stöðinni í laxveiðiár árlega í maí mánuði. Um miðjan maí mánuð er um 500 kíló af seiðum í kerum stöðvarinnar. Lífmassi í stöðinni er breytilegur og fer hækkandi með hverjum mánuði eða sem nemur u.þ.b. 2.500 kílóum. Lífmassinn er mestur um 33 tonn í lok apríl mánaðar hvert ár.

Núgildandi leyfi heimilar 300.000 seiða framleiðslu þar sem stærð hvers seiðis er allt að 40 grömm. Umhverfisstofnun áætlar í umsögn sinni að slík framleiðsla geri samtals 12 tonn af lífmassa á ársgrundvelli. Núgildandi starfsleyfi rennur út 1. janúar 2023. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að fá starfsleyfi fyrir aukinni framleiðslu lífmassa í eldisstöðinni upp á 40 tonn á ári í samræmi við núgildandi lög nr. 71/2008 um fiskeldi. Umfang þeirra starfsleyfa sem gefin eru út í dag miðast við hámarkslífmassa á stöðinni hverju sinni og eftir atvikum



heilðarlífsmassaukningu á stöðinni á ári hverju, en ekki fjölda seiða líkt og eldri lög kváðu á um og nógildandi starfsleyfi miðar við.

Fram kemur í gögnum að ekki standi til að auka við eldisrými stöðvarinnar. Stöðin hefur aðgengi að 126 lítrum á sekúndu af köldu vatni og 10 lítrum á sekúndu af heitu vatni. Ekki er gert ráð fyrir aukinni vatnsnotkun við framleiðsluaukninguna en vatnsnotkun stöðvarinnar er undir því magni sem stöðin hefur aðgengi að.

Fram kemur að frárennsli úr stöðinni liggja í settjörn við eldisstöðina, þaðan liggur það út í Kaldá sem rennur í Hvítá í Borgarfirði og síðan til sjávar. Árlega er mokað úr settjörnninni og því dreift á mela til uppgræðslu. Bæta á sleppivarnir í eldinu samhliða auknum umsvifum en sleppivörnum hefur ekki verið til að dreifa við útfall settjarnarinnar. Framkvæmdaraðili ætlar að setja upp sleppivörn við útfallið í formi seiðagildru.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Veðifélags Ytri-Rangár og umsögnum umsagnaraðila.

Losun næringarefna

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að frárennsli frá stöðinni rennur í settjörn, þaðan í Kaldá sem er fisklaus og blandast síðan í Hvítá Borgarfirði sem rennur út í sjó. Lítið rennsli er úr settjörnninni í Kaldá sem gerir það að verkum að næringarefni safnast mikið til fyrir í settjörnninni. Mokað er úr settjörnninni árlega og því dreift á mela til uppgræðslu. Sýni eru tekin úr inntaki, settjörn og Kaldá til vöktunar. Vöktunin nær til svifagna, heildar fosfórs, heildar köfnunarefnis sem og COD (mg/L).

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að til að umsókn um starfsleyfi sé metin fullnægjandi skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um eðli og magn losunar frá stöðinni í hvern hluta umhverfisins. Krafa er gerð um áætlað heildarmagn losunar, byggt á magni þess fóðurs sem notað er við framleiðsluna. Fyrir endurskoðun á starfsleyfi mun Umhverfisstofnun krefjast ítarlegri upplýsinga frá rekstraraðila um útreikninga á losun frá eldinu og forsendur þeirra.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin komi til með að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér að því gefnu að starfsemin komi til með að uppfylla skilyrði mengunarvarna sem og annarra upplýsinga sem sett verða í starfsleyfi.

Frárennsli og slysasleppingar

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að allt frárennsli frá eldiskörnunum fari í gegnum ristar. Göt á ristum í byrjunar körum eru 1,5 millimetrar. Á 6 metra körum sem geyma 3 gramma seiði eru göt á ristum 3 millimetrar. Á 9 metra körum eru göt á ristum 6 millimetrar, þar eru seiðin orðin 8 grömm að stærð. Allar ristar verða boltaðar fastar úr 4 millimetra rústfrú efni. Ryðfríar ristar úr stáli eru í öllum niðurföllum stöðvarinnar til að varna því að seiði sleppi úr stöðinni.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að framkvæmdaraðili skuli tryggja frekari sleppivarnir við útfall settjarnarinnar sem er í samræmi við reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Í svari framkvæmdaraðila hyggst hann setja upp sleppivörn í formi seiðagildu við enda settjarnarinnar, þar sem enginn sleppivörn hefur verið áður. Framkvæmdaraðili bendir einnig á að honum er ekki kunnugt um að seiði hafi sloppið úr eldinu til þessa.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að litlar líkur eru taldar á því að smit berist í villta stofna ef slíkt kæmi upp í eldinu, þar sem um landeldi er að ræða.



Umhverfisstofnun bendir á í sinni umsögn að við endurnýjun starfsleyfis verður gerð krafa um fullnægjandi hreinsun á frárennsli og losunarmörk verða miðuð við árlega lífmassaaukningu í stöðinni.

Grunnvatn

Stöðin hefur aðgengi að 126 lítrum á sekúndu af köldu vatni og 10 lítrum á sekúndu af heitu vatni úr grunnvatnshlotinni Geitlandshraun. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að ekki sé gert ráð fyrir aukinni vatnsnotkun við framleiðsluaukninguna en vatnsnotkun stöðvarinnar er undir því magni sem stöðin hefur aðgengi að.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að vatnsnotkun stöðvarinnar hafi neikvæð áhrif á ástand grunnvatnshlotsins.

Matvælastofnun, Fiskistofa, Umhverfisstofnun og Borgarbyggð telja að framkvæmdin þurfi ekki að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Samkvæmt aðalskipulagi Borgarbyggðar stendur eldisstöðin innan landbúnaðarsvæðis sem jafnframt er náttúruverndarsvæði N13, flokkur annarra náttúruverndarsvæða númer 206 á náttúruminjaskrá. Ekki liggur fyrir deiliskipulag fyrir svæðið. Að mati skipulagsstofnunar þarf að liggja fyrir breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar um svæðið, fyrir útgáfu nýs starfsleyfis, þar sem skilgreina þarf svæðið sem iðnaðarsvæði. Eldið er nýtt í iðnaðartilgangi en ekki í eiginlegum landbúnaðartilgangi.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða framleiðsluaukningu í seiðaeldisstöð á landi úr 12 tonna ársframleiðslu í 40 tonn. Framleiðsluaukningin felur ekki í sér aðrar framkvæmdir en bættar og auknar sleppivarnir í frárennsli. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.09 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda og úrgangsmýndunar, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða umfangslítið seiðaeldi sem eftir framleiðsluaukningu verður áfram umfangslítið. Framkvæmdir verða minniháttar þar sem ekki þarf að fjölga eldiskerum við framleiðsluaukninguna og mun því aukningin ekki kalla á frekari vatnavinnslu en nú er.

Magn lífmassa í stöðinni mun aukast með auknu framleiðslumagni og mun hámarkslífmassi í stöðinni vera 40 tonn á ári. Gera má því ráð fyrir aukningu í magni uppleystra næringarefna í frárennslisvatni sem dælt er í settjörn, samhliða auknu framleiðslumagni á lífmassa. Árlega er mokað úr settjörnninni og því dreift á mela til uppgræðslu. Umhverfisstofnun telur mikinn



umhverfisávinning felast í endurnýtingu á þeim lífræna úrgangi sem fellur til við starfsemi landeldisstöðva.

Seiðaeldi fylgir alltaf hættu á slysasleppingum. Sleppivarnir stöðvarinnar felast í ristum á kerum, frárennsli sem og í niðurföllum stöðvarinnar. Koma á upp sleppivörn við útfall settjarnarinnar í formi seiðagildru en með slíkri sleppivörn mun nást betri hreinsun á frárennsli en nú er. Litlar líkur eru taldar á því að seiði sleppi úr eldinu sem og að smit berist í villta stofna ef slíkt kæmi upp í eldinu sökum þess að um landeldi er að ræða.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Viðtaki frárennslisins úr settjörnninni er Kaldá sem rennur í Hvítá í Borgarfirði og þaðan út til sjávar. Vatnsgæði viðtakans eru ekki talin viðkvæm fyrir frárennslinu sem hlýst af stöðinni og er í góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi.

Geitlandshraun er grunnvatnshlotið sem framkvæmdaraðili nýtir í starfseminu og er það vatnshlot með góða magnstöðu. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að vatnsnotkun stöðvarinnar hafi neikvæð áhrif á ástand grunnvatnshlotsins.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, fjölbreytileika áhrifa og hverjar líkur séu á áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist einna helst í mögulegum áhrifum frárennslis frá stöðinni í viðtaka sinn. Með vísan til umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem segir að ef ástand viðtaka samræmist ekki umhverfismarkmiðum skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi. Framkvæmdaraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum hraki ekki vegna eldisins. Ef eitthvað bendir til þess að hreinsun frárennslis sé ábótavant getur stofnunin farið fram á breytingar og vöktun. Að þessu sögðu telur Skipulagsstofnun litlar líkur á öðru en óverulegum áhrifum í viðtaka.

Skipulagsstofnun tekur undir með Fiskistofu að litlar líkur séu á slysasleppingum frá stöðinni, þar af leiðandi séu litlar líkur á því að aukin framleiðsla í seiðældinu muni hafa áhrif á viðtaka sinn. Skipulagsstofnun tekur einnig undir með Umhverfisstofnun að ekki sé talið líklegt að vatnsnotkun stöðvarinnar hafi neikvæð áhrif á ástand grunnvatnshlotsins Geitlandshraun sem stöðin notast við.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 1. nóvember 2021.



Reykjavík, 1. október 2021

Egill Þórarinsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir